

Wealth Insuring

Yfirlit þeirra breytinga sem voru gerðar og hér með afturkallaðar

- **Í gr. 2. gr., skilgreiningakafli, er eftirfarandi skilgreiningu bætt við:**

“Fjárfesta, fjárfesting, fjárfest, ákvörðuð fjárfesting eða dreifing: ferlið sem að fjárfestingarárangur tryggingasjóðanna ákvarðar mánaðarlega ávöxtun sem er færð á tryggingareikninginn.”

“Vátryggjandi aflar eigna, sem eru skilgreindar í samþykktum tryggingasjóðanna sem eru valdir í vátryggingu viðskiptavinar, í magni þar sem eingöngu er byggt á fyrirmælum varðandi vátryggingaskuld sem skilgreind er í löggjöf um vátryggingarstarfsemi.

- **Grein 2.22 “Fjárfestingareiningar eru grunneiningar í NOVIS tryggjarsjóðum með föstu gildi að upphæð EUR 1” er fjarlægð.**

- **Grein 2.23 var áður ”Tryggingareikningur er reikningur sem er stjórnað af vátryggjanda fyrir sérhvern vátryggingasamning, þar sem fjárfestingareiningar hvers fjárfestingarsjóðs vátryggða eru skráðar**

Grein 2.23 verður:

“Tryggingareikningur er reikningur sem er stjórnað af vátryggjanda fyrir sérhvern vátryggingarsamning sem greidd iðgjöld og áunnin ávöxtun er greidd til og samningskostnaður er dregin af.

- **Grein 2.24 var áður “Innistæða tryggingareiknings er tilgreind í Evrum og er sú sama og fjöldi fjárfestingareininga, vegna þess að gildi sérhverrar fjárfestingareiningar er 1€. Fjöldi fjárfestingareininga tryggingareikningsins breytist í hverjum mánuði, eftir því sem fjárfestingin þróast, eins og lýst er í 8. grein þessara vátryggingarskilmála”**

Grein 2.24 verður:

“Innistæða tryggingareiknings er peningalegt virði tryggingareiknings sem breytist mánaðarlega samkvæmt fjárfestingarferli sem lýst er í 6. og 8. gr. þessa vátryggingar- skilmála”

- **Grein 2.25 var áður “Dreifingarhlutfall er skipting iðgjalda í tvenna mismunandi fjárfestingarsjóði tryggingareikningsins, kvarðað af vátryggingartaka fyrir vátryggingarsamning hans og stýrt af vátryggjanda. Vátryggingartaki hefur rétt til að ákvarða dreifingarhlutfall í umsókn sinni við upphaf samningsins og hefur rétt til að ákvarða nýtt dreifingarhlutfall einu sinni í mánuði án kostnaðar. Ef vátryggingartaki nýtir sér ekki réttinn til að ákvarða dreifingarhlutfallið fyrir gildistöku vátryggingasamningsins, mun vátryggjandi nota jafna dreifingu í tryggingarsjóði. Vátryggjandi endurúthlutar til tryggingarsjóðanna á fyrsta degi hvers mánaðar, eftir mismunandi**

frammistöðu sjóða til að frammistaða þeirra hafi ekki áhrif á dreifingarhlutfallið, sem ákvarðað var af váttryggingartaka.”

Grein 2.25 verður:

“Dreifingarhlutfall er skipting iðgjalda í mismunandi tryggingasjóði tryggingareikningsins, ákvarðað af váttryggingartaka fyrir váttryggingarsamning hans og stýrt af váttryggjanda. Váttryggingartaki hefur rétt til að ákvarða dreifingarhlutfall í umsókn sinni við upphaf samningsins og hefur rétt til að ákvarða nýtt dreifingar- hlutfall einu sinni í mánuði án kostnaðar. Ef váttryggingartaki nýtir sér ekki réttinn til að ákvarða dreifingarhlutfallið fyrir gildistöku váttryggingarsamningsins, mun váttryggjandi nota jafna dreifingu í alla tryggingarsjóði. Váttryggjandi heldur dreifingarhlutfalli óbreyttu á þann veg að mismunandi fjárfestingarárangur tryggingasjóða hefur ekki áhrif á dreifingarhlutfallið sem valið er af váttryggingartaka. “

- **Grein 6.3 var áður “Við lok hvers mánaðar er afkoma tryggingarsjóða færð inn sem inneign og sá kostnaður sem samið hefur verið um, dreginn frá. Þetta leiðir af sér mánaðarlega lokastöðu sem færast yfir á næsta mánuð.”**

Grein 6.3 verður:

“Við lok hvers mánaðar er ávöxtun tryggingasjóða byggð á fjárfestingarárangri þeirra færð inn sem inneign og sá kostnaður sem samið hefur verið um, dreginn frá. Þetta leiðir af sér mánaðarlega lokastöðu sem færast yfir á næsta mánuð.”

- **Grein 6.4 var áður“Inneignin í byrjun hvers mánaðar að frádregnum tryggðarbónus NOVIS er fjárfest samkvæmt tilgreindu dreifingarhlutfalli inn í NOVIS tryggingasjóðina.**

Grein 6.4 verður:

“Inneignin í byrjun hvers mánaðar að frádregnum tryggðarbónus NOVIS er ákvörðuð sem fjárfest samkvæmt tilgreindu dreifingarhlutfalli inn í NOVIS tryggingasjóðina

- **Grein 7.2 var áður “Váttryggjandi gæti boðið aðra tryggingasjóði á gildistíma samningsins. Ef váttryggingartaki samþykkir nýjan tryggingasjóð sem er í boði, þarf hann að tilkynna váttryggjanda hvernig hlutfallinu skuli breytt. Váttryggjandi hefur rétt til að loka tryggingasjóðum sem í boði eru, (¹ef hann stendur við skylduna sem skilgreind er í 1. málsgrein þessarar greinar). Í því tilviki að einum sjóðanna er lokað, er váttryggjanda skylt að tilkynna váttryggingartaka um það ef sá sjóður hefur verið notaður í váttryggingarsamningnum og í síðasta lagi einum mánuði áður en lokaákvörðun er tekin. Váttryggjandi verður að spyrja váttryggingartaka hvert nýtt dreifingarhlutfall hans skuli vera. Ef váttryggingartaki ákveður ekki nýtt dreifingarhlutfall innan þess tímabils sem tilgreint er, verður inneign tryggingareikningsins dreift milli þeirra sjóða sem eftir eru og hafa verið valdir af váttryggingartaka í því hlutfalli sem ákveðið var áður en sjóðurinn var leystur upp. Eigi að síður, ef váttryggingartaki hafði aðeins valið þann sjóð sem verður lokað**

¹ Texti innan sviga er eingöngu í Wealth Insuring samning

og hefur ekki ákveðið nýtt dreifingarhlutfall innan tímarammans, verður inneign tryggingareiknings hans skipt jafnt á milli allra þeirra sjóða sem eru í boði.

Grein 7.2 verður:

“Vátryggjandi hefur rétt til að loka tryggingasjóðum sem í boði eru. (, ²ef hann stendur við skylduna sem skilgreind er í 1. málsgrein þessarar greinar.) Í því tilviki að einum sjóðanna er lokað, er vátryggjanda skylt að tilkynna vátryggingartaka um það ef sá sjóður hefur verið notaður í vátryggingarsamningnum, og í síðasta lagi einum mánuði áður en lokaákvörðun er tekin. Vátryggjandi verður að spyrja vátryggingartaka hvert nýtt dreifingarhlutfall hans skuli vera. Ef vátryggingartaki ákveður ekki nýtt dreifingarhlutfall innan þess tímabils sem tilgreint er mun vátryggjandi ákvarða dreifingarhlutfall milli þeirra sjóða sem eftir eru og hafa verið valdir af vátryggingartaka í því hlutfalli sem ákveðið var áður en sjóðurinn var leystur upp. Eigi að síður, ef vátryggingartaki hafði aðeins valið þann sjóð sem verður lokað og hefur ekki ákveðið nýtt dreifingarhlutfall innan tímarammans, mun vátryggjandi ákvarða jafnt dreifingarhlutfall á alla framboðna tryggingasjóði sem eru eftir og sem samræmast áhættusniði vátryggingartaka.

- **Grein 8.1 var áður “Verðgildi tryggingareiknings (fjöldi fjárfestingareininga) breytist mánaðarlega vegna eftirfarandi þátta:**

Grein 8.1 verður:

“Verðgildi tryggingareiknings breytist mánaðarlega vegna eftirfarandi þátta”

- **Grein 8.1.b) var áður “Í lok hvers mánaðar er ávöxtun valdra tryggingasjóða lögð inn á tryggingareikning byggð á ávöxtun þeirra. Ef mánaðarleg ávöxtun er jákvæð, þá eru nýjar fjárfestingaeiningar lagðar inn. Ef mánaðarleg ávöxtun er neikvæð, þá eu einingar dregnar frá. Mánaðarleg ávöxtun tryggingasjóða án höfuðstólstryggingar getur líka verið neikvæð og byggist á ávöxtun af þeim eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í.**

Grein 8.1.b) verður:

“Í lok hvers mánaðar er ávöxtun valdra tryggingasjóða lögð inn á tryggingareikning byggð á fjárfestingarárangri þeirra þannig að ávöxtun þeirra er margfölduð með prósentu við stöðu tryggingasjóðs og dreifingarhlutfall hans. Ef mánaðarleg ávöxtun er neikvæð er margfaldað á sama hátt. Mánaðarlegur fjárfestingarárangur tryggingasjóða byggir á ávöxtun þeirra eigna sem tryggingarsjóðurinn hefur fjárfest í.”

- **8.1.f) var áður “Inneign á tryggingareikningi, að frátöldum NOVIS tryggðarbónus, er fjárfest í tryggingasjóðum á fyrsta degi hvers mánaðar samkvæmt dreifingarhlutfalli sem vátryggingartaki ákveður. Inneign á tryggingareikningi er fjárfest að fullu.**

² Texti innan sviga er eingöngu í Wealth Insuring samning.

Grein 8.1.f) verður:

“Greitt váttryggingariðgjald er strax lagt í heild sinni inn á tryggingarreikninginn. Í enda hvers mánaðar eru kostnaður og gjöld sem skilgreind eru í þessum váttryggingarskilmála dregin af. Staða tryggingareiknings er grundvöllur fyrir útreikning á mánaðarlegri ávöxtun og sú mánaðarlega ávöxtun er lögð inn á tryggingareikninginn. Ávöxtun er ákvörðuð mánaðarlega með því að margfalda stöðu tryggingareiknings með fjárfestingarárangri viðeigandi tryggingasjóða sem valdir eru af váttryggingartaka, reiknað í prósentustigum.“